

Nr. 071 / 16 Sólrún EA 151**Skipverji slasast við spil**

Skipaskr.nr. 1851
Smíðaður: Stálvík 1987, Stál
Útgerð: Sólrún ehf
Stærð: 21,87 brl. 26,57 bt.
Mesta lengd: 14,95 m Skráð lengd: 14,62 m
Breidd: 4,01 m Dýpt: 2,15 m
Vél: Deutz, 261 kW, árg.: 2001
Fjöldi skipverja: 3



Sólrún@Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. apríl 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. mars 2016 var Sólrún EA 151 á netaveiðum SA af Grímsey. Veður: A 7 m/s. Ölduhæð: 1,2 m.

Skipverjar voru að draga netin um borð þegar fiskur datt úr því og lenti fyrir framan spilið. Skipverji sem var staðsettur við rúlluna teygði vinstri hendi til að ná fisknum en við það festist ermin á gallanum hans í spilinu. Hann dróst upp á borðið og klemmdist á vinstri hlið milli netaskífu og netasteins.

Annar skipverji brást skjótt við og náði að stöðva spilið.

Skipverjinn slasaðist á herðablaði og vinstri hendi en brotnaði ekki.

**Mynd 1 Netaspilið og rofi á þili****Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjinn var einn við vinnu aftan við netaborðið bæði við stjórn á netaspilinu (glussa) og bátnum (*Mynd 2*);
- að veiðin var búin að vera róleg og netið því dregið hratt;

- að svokallað neyðarstopp fyrir línuspilið (*mynd 2*) var staðsett vinstra megin við skipverjann en hann náði ekki til þess þar sem hann festi vinstri hendina í spilið;



Mynd 2 Staðsetning skipverjans og stjórtök

- að neyðarstoppið er armur sem liggur að netaskífunni og er til þess að stöðva spilið ef netið flækist á henni. Arminn var hægt að hreyfa í báðar áttir til að stöðva spilið;
- að neyðarstoppsarmurinn virkaði þannig að hann stöðvaði glussaolíuflæði að netaspilinu en ekki olúdæluna;
- að ekki var annar neyðarstöðvunarbúnaður fyrir netaspilið á þilfarinu en tveir rofar (*mynd 1 og 2*) voru til að kveikja og slökkva á því. Ekki er gerð krafa um neyðarstöðvunarbúnað þar sem skipið var 14,95 m að lengd. Í reglugerð nr. 122/2004 um öryggi fiskiskipa sem eru 15 m eða lengri að mestu lengd eru kröfur um viðurkenndan búnað til neyðarstöðvunar;
- að fram kom hjá slasaða að hann hefði verið heppinn að ekki fór verr því að þetta hefði gerst á grunnu svæði og þess vegna væntanlega minni þyngsli á netunum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er óvarkárni slasaða.

Tillaga í öryggisátt:

Nefndin beinir því til Samgöngustofu að reglur um viðurkenndan neyðarstöðvunarbúnað verði settar fyrir fiskiskip undir 15 m í lengd í samræmi við reglugerð nr. 122/2004 um öryggi fiskiskipa.